



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÓPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM SAFNANÓTT 2017

Í dag, föstudaginn 3. febrúar, verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi sem liður í Vetrarhátíð og Safnanótt 2017. Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu milli klukkan 18:00 og 22:00.

Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnáms tíð. Gestir munu geta skoðað Bessastaðastofu alla sem og móttökusal og bókhöfu forsetasetursins. Þá mun fyrsti forsetabíll lýðveldissögunnar, Packard bifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði Bessastaða en bifreiðin er ríflega sjötug, árgærd 1942. Þar verður einnig sýnd Cadillac bifreið embættisins, hún er árgærd 1990.

Starfsmenn embættis forseta verða til leiðsagnar auk þess sem nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og nemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands verða gestum til aðstoðar.

3. febrúar 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Friðbjörn Möller, umsjónarmaður fasteigna (863 6963).